



Loftslagsstefna

Þjódminjasafns Íslands

Maí 2022

SÝN

ÞJÓÐMINJASAFNS

ÍSLANDS

Að vera leiðandi
höfuðsafn á sviði
menningarminja,
stuðla að framförum
og skilvirkri starfsemi.

Stefna Þjóðminjasafns Íslands
2017

YFIRLIT

EINKUNNARORÐ STEFNUNNAR	4
.....	
UNDIRBÚNINGUR LOFTSLAGSSTEFNU ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS	5
.....	
FRAMTÍÐARSÝN	6
.....	
MARKMIÐ	6
.....	
GILDISSVIÐ	8
.....	
EFTIRFYLGNI	8
.....	
TENGING VIÐ NÚVERANDI SKULDBINDINGAR	8
.....	
KOLEFNISJÖFNUN	8
.....	
AÐGERÐAÁÆTLUN LOFTSLAGSSTEFNU ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS 2021-2025	9
.....	



EINKUNNARORÐ STEFNUNNAR

E-in þrjú:

Endurvinnna

Endurnýta

Eyða minna

Undirbúningur

Loftslagsstefnu Þjóðminjasafns Íslands

Þjóðminjasafn Íslands fékk tvö fyrstu Grænu skrefin árið 2017. Á þeim tíma var safnið með fimm starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem allar fengu viðurkenningu samtímis. Stofnaður var vinnuhópur með fulltrúum frá öllum fimm starfstöðvum. Þessum starfstöðvum hefur nú fækkað niður í þrjár þar sem Setberg fór yfir til Háskóla Íslands og Safnahúsið við Hverfisgötu fór yfir til Listasafns Íslands.

Loftslagsstefna Þjóðminjasafnsins er tæki stofnunarinnar til að taka þátt í vegferð Íslendinga og heimsins alls við að ná markmiðum Parísarsamningsins til 2030, Kýótó bókuninni og markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040.

Loftslagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, með sérstakri áherslu á markmið 3 (andleg og líkamleg heilsa samfélagsins), 8 (framleiðsla og nýting auðlinda), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og menningararfleifð), 12 (sjálfbær neysla) og 17 (samstarfsverkefni við önnur söfn og stofnanir).

3 HEILSA OG VELLÍBAN



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Mótun stefnunnar vann Umhverfisteymi Þjóðminjasafns í nóvember og desember 2021. Stefnan var yfirfarin og samþykkt af yfirstjórn Þjóðminjasafns Íslands í maí 2022.

SAMAN SKÖPUM VIÐ

Framtíðarsýn

Þjóðminjasafn Íslands stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Þjóðminjasafnið vill leggja sitt af mörkum til þess að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Markmið

Fram til 2030 mun Þjóðminjasafn Íslands draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) um samtals 40% á stöðugildi miðað við árið 2020. Þjóðminjasafnið mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri.



SAMGÖNGUR

- Draga úr losun GHL (gróðurhúsalofttegunda) vegna aksturs á bifreiðum stofnunar
- Draga úr losun GHL vegna flugferða starfsmanna innanlands og erlendis
- Draga úr losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjölga samgöngusamningum sem stofnunin gerir við starfsmenn

ORKUNOTKUN

- Draga úr rafmagnsnotkun á starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu
- Draga úr rafmagnsnotkun í sýningarsölum safnsins
- Draga úr heitavatnsnotkun á starfsstöðvum á sömu stöðum
- Draga úr orkunotkun í húsasafni

ÚRGANGUR

- Draga úr losun GHL vegna lífræns úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Draga úr losun GHL vegna blandaðs úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Draga úr heildarmagni úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Draga úr magni útprentaðs skrifstofupappírs á öllum starfsstöðvum
- Auka endurvinnsluhlutfall á öllum starfsstöðvum
- Draga úr magni úrgangs eftir forvörslu
- Draga úr magni úrgangs eftir sýningar

INNKAUP

- Auka hlutfall umhverfsvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Auka hlutfall umhverfsvottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Auka hlutfall stafrænna miðla
- Draga úr magni ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf og notuð eru á starfsstöðvum
- Auka hlutfall umhverfsvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf og notuð eru á starfsstöðvum
- Leita einungis til umhverfsvottaðrar ræstiþjónustu sem stofnunin kaupir fyrir starfsstöðvar
- Auka hlutfall umhverfsvottunar hráefnis vegna forvörslu, sýningagerðar, safnfræðslu og minjagripagerðar

GILDISSVIÐ

Öll starfsemi Þjóðminjasafns Íslands fellur undir loftslagsstefnu. Þar með talin söfnun, skráning, varðveisla, sýningagerð, útgáfa, minjagripagerð, rannsóknir, fræðsla, byggingar, mannvirki og framkvæmdir.

EFTIRFYLGNI

Loftslagsstefna Þjóðminjasafns Íslands verður rýnd árlega af Umhverfisteymi Þjóðminjasafns og markmið og aðgerðaáætlun uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Stefnan er samþykkt af yfirstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað með viðeigandi hætti.

TENGING VIÐ NÚVERANDI SKULDBINDINGAR

Stefna þessi tekur mið af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum síðan 2020 sem og skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna þ.e. Parísarsamkomulaginu.

KOLEFNISJÖFNUN

Þjóðminjasafnið mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr innkaupum, losun í rekstri og nýtni.

AÐGERÐAÁÆTLUN LOFTSLAGSSTEFNU

Þjóðminjasafns Íslands 2021-2025

1. Ferðavenjukönnun (árið 2022). Gerð verður greining á samgöngum, svo sem flugumferð, bílanotkun innan vinnutíma og fjölda samgöngusaminga sem stofnunin gerir við starfsmenn. Þessar tölur verða notaðar til að hvetja starfsfólk til grænni úrræða í samgöngum.
2. Fjarfundabúnaður og þjálfun í fjarfundum. Starfsfólk fær þjálfun í notkun fjarfundabúnaðar.
3. Rafvæðing bílaflota heldur áfram. Þegar hefur verið keypt ein tengitvinn bifreið og ein rafmagnsbifreið.
4. Tvöföld hleðslustöð hefur verið sett upp við Suðurgötu, Reykjavík og önnur í Vesturvör. Stefnt er að setja upp tvöfalda hleðslustöð á Tjarnarvöllum, Hafnarfirði árið 2022.
5. Sett verður upp fyrirmyndar hjólaaðstaða fyrir starfsfólk. Nú þegar er búnings- og sturtuástaða á öllum starfsstöðvum, hjólaskýli er í vinnslu á Suðurgötu en inniaðstaða er fyrir hjól í Vesturvör og á Tjarnarvöllum.
6. Virkjun starfsfólks til grænni lífshátta sem felst m.a. í flokkunarstöðum fyrir úrgang á öllum starfsstöðvum. Einnig að safnið standi fyrir gróðursetningardögum, plokkunardögum og/eða dögum þar sem fjörur eru hreinsaðar eða á móta verkefni einu sinni á ári.
7. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja. Hlutverk þess felst meðal annars í því að veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf og vera þeim til fyrirmyndar. Safnið mun því standa að verkefnum til að vekja áhuga á málefnum er varða loftslagsbreytingar. Þetta geta verið sýningar, útgáfa, ráðstefnur eða aðrir viðburðir.
8. Sýningarundirbúningur Þjóðminjasafns Íslands mun notast við umhverfissvænar vörur til sýningargerðar og endurnýta eins og mögulegt er. „Safnið vill stuðla að umræðu um menningu og mannlíf í víðum skilningi, það leitast við að koma til móts við þarfir ólíkra markhópa og stuðlar að víðsýni.“ Þá einsetur safnið sér að endurnýta sýningarbúnað, sé þess kostur, svo sem stöplar og rammar. Þetta viðhorf er komið til að vera.



**ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS**